

Fyrsti fundur vetrarins í Gammadeild DKG var haldinn miðvikudaginn 18. september, 2013, klukkan 18:00 í menningarsetrinu Hannesarholti, Grundarstíg 10.

Á fundinum var fræðst um menningarsetrið, rætt um starfið framundan ásamt því að njóta þess að spjalla saman yfir dýrindis fiskisúpu.

Fundinn sátueftirtaldir félagar í Gammadeild: Anh-Dao Tran, Árný Elíasdóttir, Björg Eiríksdóttir, Björk Einisdóttir, Bryndís Steinþórsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðný Helgadóttir, Hertha W. Jónsdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir, Kristín Jónsdóttir kennslukona, Krístrún Ísaksdóttir, Margrét Jónsdóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Rannveig Löve, Rannveig Sigurðardóttir, Sigrún Aðalbjarnar, Svana Friðriksdóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir og Þórunn Björnsdóttir.

Tekið fyrir:

Fundarsetning Formaður, Árný Elíasdóttir, setti fund kl. 18:00, bauð konur velkomnar og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Því næst þakkaði hún Ragnheiði Jónu Jónsdóttur fyrir að taka á móti okkur og gefa sér tíma til að fræða okkur um starfsemi hússins. Síðan var nafnakall. Alls sóttu 27 konur fundinn.

Fræðsla um Hannesarholt Hugmyndin að stofnun Hannesarholts er komin frá hjónunum Ragnheiði Jónu Jónsdóttur og Arnóri Víkingssyni en þau eru jafnframt eigendur Grundarstígs 10 ásamt fjórum börnum sínum. Ragnheiður Jóna er forstöðumaður menningarsetursins og sagði okkur frá starsemi þess. Hún sagði markmið starfseminnar vera að efla jákvæða, gagnrýna hugsun í íslensku samfélagi, auka skilning á gildi sögunnar fyrir samtímann og framtíðina og hvetja til uppbyggilegrar umræðu og samveru. Hannes Hafstein byggði þetta hús yfir fjölskyldu sína árið 1915 í kjölfarið af Reykjavíkurbrunanum mikla. Ragnheiður og fjölskylda festu kaup á Grundarstíg 10 árið 2007 í þeim tilgangi að opna það almenningi. Í húsinu bjó skáld og stjórnmálamaður sem kemur mikið við sögu þjóðarinnar og húsið er því partur af menningararfi okkar. Hannes Hafstein bjó í húsinu í sjö ár með börnum sínum, móður og tengdamóður en konan hans var fallin frá. Húsið var eftir það í eigu sömu fjölskyldu frá árinu 1929 og þar til þau hjónin keyptu það árið 2007. Hún segist vonast til að í húsinu getum við ræktað tengsl okkar við ræturnar og hlúð að menningararfinum. Húsið er og verður leigt út fyrir margs konar starsemi og má þar nefna tónleika, málþing, fyrirlestra, hugleiðslu, fjölbreytt námskeið, bókmenntakvöld og þrjónakaffi. Öllum ágóða af starfseminni verður varið til uppbyggingar stofnunarinnar. Það var einstaklega fróðlegt og uppbyggjandi að hlýða á Ragnheiði segja frá starfseminni og þeim fjölmörgu hugmyndum sem hana dreymir um að koma í framkvæmd í þessu yndislega húsi í nánustu framtíð.

Vetrarstarfið Árný kynnti vetrarstarfið í stuttu máli og hvatti konur til að koma með hugmyndir ef þær hefðu eitthvað fram að færa í tengslum við áherslurnar. Konur vildu gjarnan heyra um læsi í viðum skilningi og bentu á að áhugavert gæti verið að heyra frá konum úr þetadeild í því sambandi. Einnig höfðu einhverjar áhuga á að heimsækja Keili. Vetrarstarfið verður áfram helgað útfærslu á grunnþáttum menntunar í nýjum aðalnámskrám frá 2011.

Evrópuþingið Árný sagði fréttir af nýafstöðnu Evrópuþingi Delta Kappa Gamma en þar var Dr. Sigrún Klara Hannesdóttir í Alfadeild sæmd The International Achievement Award sem er æðsta orða samtakanna og er þetta í fyrsta skipti sem orðan er veitt í Evrópu.

Framkvæmdaráðsfundur Árný færði okkur einnig fréttir frá framkvæmdaráðsfundi DKG sem haldinn var 14. september.

Þar voru mættir formenn deilda, stjórn landssambandsins, gjaldkeri, lögsögumaður, fyrrum forseti og Sigrún Klara Hannesdóttir sem var gestur fundarins.

Framkvæmdaráð samþykkti að Jensína Valdimarsdóttir Deltadeild yrði nýr gjaldkeri landssambandsins. Einnig var fjárhagsáætlun til næstu tveggja ára samþykkt. Lögsögumaður verður Auður Torfadóttir Eta deild. Einnig var samþykkt að næsta vorþing verði haldið á Ísafirði 10.maí 2014 og næsti landssambandsfundur verði á höfuðborgarsvæðinu vorið 2015.

Árný sagði okkur einnig frá **landssambandsþingi að hótél Heklu**, þeirri áhugaverðu dagskrá sem þar var og okkar konur, Gerður og Jóhanna, áttu hlutdeild í. Dagskráin verður í heild á Ísafirði á vegum Jótadeildar 26. október nk.

Innheimta félagsgjaldaRagnildur fór yfir fjármálin og sagðist senda okkur tölvupóst vegna félagsgjaldanna, sem verða óbreytt í ár eða 9000 krónur. Ragnildur velti því upp hvort deildin ætti að láta af því að gefa afmælisjafir. Nokkrar umræður sköpuðust um þetta og samróma álit þeirra sem til máls tóku að því verði hætt.

LjóðalesturBjörk las ljóðið *Ég elska þig stormur* eftir Hannes Hafstein en það var ljóð dagsins á heimasíðu Hannesarholts.

FundarlokÁrný slökkti á kertunum þremur og sleit fundi klukkan 20:00. Eftir það lá leiðin niður í tónlistarsalinn þar sem við sungum saman undir styrkri stjórn Þórunnar.

Fundargerð skráði Björk Einisdóttir.